

**Minnisblað vegna óskar um viðbótarfjárveitingu á árinu 2018
til grunnskólanna til að mæta fjölgun nemenda og aukinni sérkennsluþörf**

Fjárhagsáætlun fyrir grunnskólana nær inn í tvö skólaár, þ.e. fjárhagsáætlun 2018 nær inn í skólaárið 2017 – 2018 (jan-júlí) og skólaárið 2018 – 2019 (ágúst-des). Þegar áætlunin er unnin að hausti eru forsendur fyrir næsta skólaár (ágúst – des 2018) byggðar á raun upplýsingum um nemendafjölda og elsta árgang leikskólabarna. Jafnframt tekur skólaþjónustan saman lista yfir væntanlega sérkennsluþörf (einnig fyrir elsta árgang leikskólabarna). Út frá þessum upplýsingum er gerð kennslustundaúthlutun til grunnskólanna annars vegar fyrir tímabilið jan – júlí 2018 og hins vegar fyrir tímabilið ágúst – des 2018. Ósk um viðbótarfjárveitingu snýr að næsta skólaári, þ.e. tímabilinu ágúst – des 2018, þar sem forsendur hafa breyst. Hér á eftir verða raktar helstu breytingar varðandi kennslustundafjölda (kest):

Kennslustundaúthlutun til grunnskóla Akureyrarbæjar skólaárið 2018 - 2019			
	Áætl. 2018	Breytt staða 10/4	Breyting
Fjöldi nemenda	2.711	2.733	22
Alm úthlutun vegna nemenda	5.010	5.022	12
Sérkennslufasti	133	134	1
Sérkennsla	1.114	1.173	59
Sérdeildir	411	421	10
Ísl. annað mál	41	87	46
Annað	41	41	0
Úthlutun	6.750	6.878	128
Fjöldi kest pr. nemanda	1,85	1,84	
Fjöldi kest vegna sérkennslu pr. nemanda	0,61	0,63	
Fjöldi kest alls pr. nemanda	2,49	2,52	

Hér er áætlað að það þurfi 128 kest fleiri inn í grunnskólana miðað við mat skólaþjónustunnar um aukna sérkennsluþörf og vegna fjölgunar nemenda. Eins og sést á þessum tölum er verið að draga úr alm. úthlutun kest á nemanda þrátt fyrir þessa aukningu. Þá hefur áætlun um að u.þ.b. 5% nemenda skili sér úr 9. bekk upp í framhaldskóla ekki gengið eftir eftir styttingu framhaldsskólans. Einnig er verið að leggja til verulega aukna á úthlutun samhliða fjölgun nemenda sem eru með íslensku sem annað mál, en þessi fjölgun skýrir tæplega 0,02 kennslustundaaukninginu á nemanda.

Kostnaðaraukning við það að fjölga kennslustundum um 128 frá ágúst - desember 2018 er áætlaður um 17 m.kr. Miðað er við um 4,9 stöðugildi kennara (lf. 238) í 5 mánuði. Kostnaður á hvert stöðugildi í mánuði er metinn á um 700 þús.kr.

Viðbótarfjárförf vegna vorannar 2018 (jan – júlí)

Þá er nauðsynlegt að fjölga kennslustundaúthlutun vegna vorannar 2018 vegna mikillar fjölgunar nemenda í Lundarskóla og aukinnar sérkennsluþarfar í Oddeyrar-, Lundar- Síðu- og Naustaskóla. Ósk er um eftirtalda aukningu kest fyrir tímabilið janúar – júlí 2018.

Grunnskóli	Fjöldi kest	Skýring
Oddeyrarskóli	10 kest	Sérkennsla
Lundarskóli	30 kest	Fjölgun nemenda og sérkennsla
Síðuskóli	20 kest	Fjölgun nemenda í sérdeild
Naustaskóli	15 kest	Sérkennsla og íslenska sem annað mál
Sameiginl. kostn. grsk.	<u>15 kest</u> 90 kest	Aukning í lengri veikindum

Fjölgun nemenda á vorönn frá áætlun er 21 eða úr 2.685 í 2.706.

Áætlaður kennslustundafjöldi skv. gildandi fjárhagsáætlun 2018 á vorönn er 6.647 kest, en þyrfti í raun að vera 6.771 kest miðað við áætlunarskjalið. Talið er að 90 kest aukning sé nóg til að mæta þeim skólum þar sem mestu breytingar hafa orðið. Í þessu sambandi er einnig horft að einhverju leyti til fjárhagsstöðu (launakostnaðar) á fyrsta ársfjórðungi.

Kostnaðaraukning við það að fjölga kennslustundum um 90 frá janúar - júlí 2018 er áætlaður um 17 m.kr. Miðað er við um 3,5 stöðugildi kennara (lf. 238) í 7 mánuði. Kostnaður á hvert stöðugildi í mánuði er metinn á um 700 þús.kr.

Viðbótarfjárförf er því í heildina um 34 m.kr. vegna kennslustundaaukningar í grunnskólunum á árinu 2018.